

*Sent í samráðsgátt*

Reykjavík, 28. september 2022

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

**Efni: Umsögn til Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins vegna draga að breytingu á raforkulögum nr. 65/2003, 165. mál**

Bændasamtök Íslands gera eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á 17. gr. a raforkulaga nr. 65/2003.

Fyrst ber að nefna að Bændasamtökin telja að um sé að ræða breytingar sem hamlað geti eðlilegri og væntri uppbyggingu m.a. á grundvelli byggðaáætlunar, markmiða um fæðuöryggi og orkuskipta.

Þá er ekki að finna í frumvarpinu nánari skýringar á því hvað telst eðlilegur stofn- og rekstrarkostnaður, hvað greiðsla viðbótarkostnaðar feli í sér og hvaða mælikvarða eigi að nota við mat á því hvort forsendur viðskipta hafi breyst verulega.

Einnig er með breytingunni veitt heimild til aukinnar gjaldtöku af öllum nýjum viðskiptavinum og þar enginn undanskilinn og því verður vart annað séð en ákvæðið nái jafnt til almennra notenda og fyrirtækja.

Jafnframt taka samtökin undir þau atriði er varða framangreint og koma fram í umsögnum Samtaka iðnaðarins og Landsvirkjunar sem birtar hafa verið í samráðsgátt.

Bændasamtök Íslands leggjast því gegn samþykkt frumvarpsins í núverandi mynd.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason  
lögfræðingur